



Fjórði fundur skólaráðs Öldutúnsskóla skólaárið 2022 - 2023 haldinn 10.03.2023

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson

Fundaritari: Margrét Sverrisdóttir.

Mættir:

Stjórnendur: Margrét Sverrisdóttir og Valdimar Víðisson.

Fulltrúar foreldra: ~~Pétur Markan~~ og Ragnar Guðmundsson.

Fulltrúar starfsmanna: Anna Sveinsdóttir, Ásdís Reykdal Jónsdóttir og Sigurður Ben Guðmundsson.

Fulltrú grenndarsamfélagsins: Snædís Ögn Flosadóttir.

Fulltrúar nemenda: Adam E. Níelsson og Embla G. Arnarsdóttir.

1. Skóladagatal 2023 – 2024.
 - a. Skólastjóri fór yfir helstu þætti dagatalsins og aðkomu kennara.
 - b. Fulltrúi foreldra gerði athugasemd við uppbrotsdag á fimmtudegi þegar hann liggur nálægt vetrarfríi.
 - i. Skólaráð staðfestir skóladagatal 2023 – 2024.
2. Skólapúlsinn – foreldrahluti.
 - a. Skólastjóri fór yfir helstu niðurstöður Skólapúlsins. Foreldrar tóku þátt í Skólapúlsinum í febrúar. 120 foreldrar voru í úrtaki og var svarhlutfall 72,5%.
 - b. Helstu niðurstöður eru jákvæðar.
 - c. Foreldrar ræddu helst um aðstöðuna í skólanum og skólalóðina. Skólahúsnæðið er orðið barns síns tíma.
3. Endurreisn foreldrastarfs.
 - a. Heimili og skóli er farið af stað með verkefni sem snýr að endurreisn foreldrastarfs í grunnskólum. Vegferðin hefst í Hafnarfirði 14. mars en þá verður fundur fyrir foreldra í Skarðshlíðarskóla, Hraunvallaskóla og Hvaleyrarskóla. Fundur fyrir foreldra í Öldutúnsskóla verður í apríl.
4. Skákmót grunnskólanemenda.
 - a. Kiwanisklúbburinn Hraunborg stendur fyrir skákmóti nemenda í 5. – 7. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar. Skákmótið verður í lok mars.
5. Flóttafólk.
 - a. Skólastjóri gerði skólaráði grein fyrir stöðunni og hvernig þetta er í Öldutúnsskóla.
6. Önnur mál.
 - a. Embla kom með tillögu um að fá tíma sem nemendur í unglingadeild geti fengið aðstoð með nám til að ljúka vikuáætlun.
 - b. Einhverjir nemendur í unglingadeild bíða eftir greiningu hjá sálfræðingi – sem er í ferli.
 - c. Nemendur spyrja um vatnsvélar – hvort hægt sé að fá nýjar vélar. Vantar aðgengi að vatni.

Fundi slitið klukkan 9:15
Margrét Sverrisdóttir